

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 19. september kl. 12:00 var haldinn 94. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að ráða Hjörleif B. Kvaran í starf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur og felur stjórnarformanni að ganga til viðræðna við hann um starfskjör.

Samþykkt.

Fundi frestað kl. 12:15

Formaður og aðrir stjórnarmenn kynntu starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur um ráðningu forstjóra.

Fundi fram haldið kl. 12:40

Forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu og fundarritari tóku sæti á fundinum.

2. Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun dags. 17. þ.m. Framkvæmdastjóri fjármálsviðs fór yfir áætlunina og gerði grein fyrir breytingartillögum.

Samþykkt.

Jafnframt ákveðið að fá ráðgjafa fyrirtækisins í áhættustýringu fjármuna á næsta fund stjórnar.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga dags. 16. þ.m.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að kaupa 20,7% hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (HAB). Kaupverðið er krónur 150 milljónir. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar verði sameinuð Orkuveitu Reykjavíkur frá og með 1. október næstkomandi.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

Sigrún Elsa Smáradóttir óskar bókað:

Athygli er vakin á því að það kaupverð sem gengið er útfrá í kaupum OR á 20,7% hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er töluvert undir því virði veitunnar sem gengið var útfrá þegar sveitarfélögin sem að HAB stóðu lögðu hlut sinn í veitunni inn í Orkuveitu Reykjavíkur í byrjun árs 2002.

Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson óska bókað:

Við sameiningu Akranesveitu, HAB og veitna Borgarbyggðar við Orkuveitu Reykjavíkur var samið um eignarhlut hvers og eins eiganda.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga dags. 15. þ.m.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að gjaldskrá heits vatns hækki um 9,7%, frá og með 1. október næstkomandi.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir sitja hjá.

5. Lagt fram erindi verktakafyrirtækisins Ístaks dags. 5. þ.m. varðandi breytingar á verðlagi vegna gengisbreytinga.

Framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu greindi frá viðræðum við verktaka og viðbrögðum annarra verkkaupa við erindum sama efnis.

Ákveðið að halda áfram viðræðum við verktaka og fara yfir viðbrögð eigenda OR við samskonar erindum.

6. Lögð fram til staðfestingar svohljóðandi samþykkt stjórnar Reykjavík Energy Invest 18. þ.m.

Stjórn Reykjavík Energy Invest (REI) samþykkir að kanna möguleika á því að ganga til samstarfs við fagaðila um stofnun opins fjárfestingasjóðs sem hafi með höndum fjármögnun verkefna félagsins. Áður en til stofnunar sjóðs komi, verði sérstakri ráðgjafanefnd falið að gera tillögu um nánari útfærslu og aðferðafræði við val samstarfsaðila. Ráðgjafanefndin taki þegar til starfa og skili álitni innan tveggja vikna. Stjórnin mun jafnframt hefja vinnu við að útfæra samningsmarkmið REI gagnvart væntanlegum viðsemjanda, láta verðmeta framlag REI/Orkuveitu Reykjavíkur (OR) til væntanlegs samstarfs og taka afstöðu til þess hvaða verkefni REI er hugsanlegt að verði fjármögnuð af sjóðnum. Niðurstöður þessarar vinnu verði bornar undir stjórn OR.

Leiði þessi vinna til samkomulags við aðila um stofnun fjárfestingarsjóðs skal samkomulagið borið undir stjórn OR og eftir atvikum eigendafund, feli það í sér breytingu frá áður markaðri stefnu eigenda um málefni REI.

Samþykktinni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

Jafnframt bókar stjórn:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þakkar stjórn REI fyrir góða og vandaða vinnu að endurskipulagningu félagsins. Frammistaða stjórnar REI hefur tryggt mikilvæga sátt um starfsemi félagsins og telur stjórn OR mikilvægt að standa vörð um þann samhljóm sem náðst hefur.

7. Umræða um málefni Enex. Ennfremur lagt fram erindi starfsmannafélags Enex dags. 29. ágúst s.l. og erindi til allra eigenda Enex frá Gaia-Therm dags. 8. þ.m.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur beinir því til stjórnar Reykjavík Energy Invest að vinna að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

8. Málefni Hitaveitu Suðurnesja.

Forstjóri gerði grein fyrir viðræðum við meðeigendur að fyrirtækinu.

9. Málefni E-Farice. Lagður fram viðauki við handveðsyfirlýsingu hlutabréfa OR í E-Farice vegna lántöku fyrirtækisins.

Samþykkt.

10. Innri endurskoðun Orkuveitu Reykjavíkur.

Lagðar fram endurskoðanir og úttektir hjá Orkuveitu Reykjavíkur árið 2007, drög að verklýsingu Innri endurskoðunar OR og minnisblað Innri endurskoðanda og gæðastjóra varðandi tillögur að verkefnum fyrir stjórn í framhaldi af stjórnarsýsluúttekt.

11. Önnur mál.

- a) Lagt fram svar við fyrirspurn um laxveiðiferð í Miðfjarðará sumarið 2007.
- b) Lagt fram svar við fyrirspurn um Bitruvirkjun.
- c) Lagt fram svar við fyrirspurn um starfsmannamál.
- d) Lagt fram svar við fyrirspurn um arðsemi virkjana. Ákveðið að gera grein fyrir svarinu á næsta fundi.
- e) Umræða um Nesbúð.
- f) Lagt fram erindi Starfsmannafélags Orkuveitu Reykjavíkur dags. 16. þ.m. varðandi þátttöku OR í söfnun meðal starfsmanna til styrktar Mænskakaðastofnun Íslands.

Samþykkt.

- g) Lögð fram bréfaskipti Reykjavíkurborgar og utanríkisráðuneytis varðandi þátttöku í heimssýningunni í Sjanghæ árið 2010.

Hugsanlega aðkoma OR að þátttöku verður skoðuð nánar fram að næsta fundi stjórnar.

h) Gróðurskemmdir á Hellisheiði. Upplýsingafulltrúi gerði grein fyrir undirbúningi rannsókna á svæðinu.

Stjórn bókar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur þunga áherslu á að grafist verði fyrir um orsakir gróðurskemmdanna sem fyrst og styður þær aðgerðir sem fyrirtækið hefur gripið til í málinu.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 17. október n.k.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:20

Guðlaugur G. Sverrisson,
Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sverrisson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon,
Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.